



Stjórn SSH 363. fundur

Föstudaginn 10. júní 2011 kl.08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir formaður, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Guðrún Pálsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson og Pálmi Másson. Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll

Ennfremur sátu fundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH og S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málafni Strætó bs. og Álfтанess.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá bæjastjóranum á Álfтанesi þar sem gerð var grein fyrir frekari úrvinnslu á hugmyndum um möguleika á aukinni þjónustu Strætó bs. við Álfтанesinga. Ennfremur kom fram í minnisblaðinu tillaga Álfтанesinga um að farin verði leið b) í þeim valkostum sem settir hafa verið fram.

Fyrir liggur að útgjaldaauki Strætó bs. vegna þessa mun nema 9 – 14 m. króna á ársgrundvelli, án tillits til mögulegra aukinna farþegatekna.

Af hálfu Álfтанess er óskað eftir því að Strætó bs. veiti þessa auknu þjónustu án viðbótargreiðslna frá sveitarfélaginu, með vísun í áður framkominn sjónarmið sveitarfélagsins.

Umræður

Niðurstaða.

Í ljósi þess að í tillögu Álfтанess felst að Strætó bs. og /eða önnur aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins taki á sig aukin útgjöld telur stjórn SSH rétt að áframsenda málið til aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu.

2. Framtíðarhópur SSH.

Formaður framtíðarhóps SSH gerði grein fyrir stöðu verkefnisins, m.a. helstu niðurstöðum og lærdómi úr kynnisferð hópsins til norðurlanda og fyrstu hugmyndum sem mótað hafa við úrvinnslu á því efni og gögnum sem lagst hafa til í þessu verkefni.



Samþykkt að stjórn SSH og framtíðarhópurinn kynni stöðu vinnunnar og fyrirbyggjandi hugmyndir á sérstökum fundi með leiðtogum allra framboða sem eiga sæti í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Fundurinn verður haldinn 15. júní nk.

3. Önnur mál.

a) Friðun Skerjafjarðar.

Borgarstjóri vakti máls á málum sem tengjast friðun Skerjafjarðar og kallaði eftir viðhorfum annarra til þess.

Upplýst var að á vegum Reykjavíkurborgar að sérstakur vinnuhópur væri að fara yfir þetta mál. Samþykkt að taka málið til frekari umræðu þegar niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:40